

## **Fundargerð**

### **Fundur í mats og hæfnisnefnd**

**Dagsetning:** 6. apríl 2022

**Fundartími:** 15:00 – 15:40

**Staðsetning:** Furugerði 4, Skaftahlíð

**Númer fundar:** 2

**Viðstaddir:** Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon og Kristín Huld Haraldsdóttir gegnum síma.

**Fundarritari:** Selma Guðnadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. RTG er búin að fara yfir marklýsingu fyrir taugalæknisfræði og Kristín einnig, þau þurfa að fara að heimsækja þá, stefnt að 26. apríl 2022, seinni part. Það þarf að fara yfir viðurkenningu spítaladeilda og ákveða hvað lista þarf að fara yfir. Vel skilgreint sérnám í taugalækningum þar sem þeir klára fyrri hlutann á 2-3 árum. Tengsl við heila- og taugaskurðeild, myndgreiningu í taugakerfi og við bráðadeildina rædd. Nauðsynlegt er að sérnámslæknar fari héðan með breiða reynslu. Ljóst þarf að vera hvað á að kenna á þessum tveimur árum og hvað á að vera í grunninum. Þá vantaði upplýsingar um hvernig kennsla læknanema yrði metin. Hefðbundin matsblöð þurfa að vera til staðar og marklýsingin uppfærð.
3. Rætt um fundi með stjórn LÍ og með deildarráði Læknadeildar í maí.
4. Fundur eftir þrjár vikur aftur fyrir þann tíma ætlar RTG að vera búin að fara yfir þau gögn sem hafa borist og ræða við kennslustjóra. RTG ræddi sérfræðinám í fíknlækningum og nám í líknarlækningum, bæði sem viðbótarsérnám.